

Aðstoð vegna loðnubrests:

Sveitarfélög mótmæla tillögu fjárveitinganefndar harðlega

HARÐORÐAR ályktanir hafa borist ríkisstjórninni frá sveitarstjórnunum, sem telja sig bera skuldán hlut frá borði í tillögum fjárveitinganefndar Alþingis um aðstoð vegna loðnubrests.

Samgönguráðuneytið hefur skilað tillögum sínum um skiptingu aukafjárveitingar til hafnarframkvæmda til fjárveitinganefndar Alþingis og hefur nefndin gert nokkrar breytingar þar á.

Helstu breytingar sem urðu á tillögum samgönguráðuneytisins í meðförum fjárveitinganefndar, eru þær, að þrjú sveitarfélög, sem ráðuneytið gerði ekki ráð fyrir að fengju aðstoð, er þar tekin með.

Bæjarráð Neskaupsstaðar hefur sent ríkisstjórninni ályktun, þar sem það lýsir undrun sinni á þeirri ákvörðun fjárveitinganefndar að

úthluta fjármagni sem ætlað var til að mæta loðnubresti, til hafna sem aldrei hafa haft tekjur af loðnuvinnslu. Telur bæjarráð slíka ákvörðun algert siðleysi og krefst þess að ríkisstjórnin endurskoði úthlutun nefndarinnar og sjái til þess að þeir staðir sem raunverulega urðu fyrir búsigfum vegna loðnubrestsins fái fjárframlög.

Í ályktun bæjarráðs Akraness segir, að í tillögu fjárveitinga-

nefndar sé gert ráð fyrir að fé verði deilt af handahófi til sveitarfélaga víða um land, en önnur, sem ekki þyrftu síður á aðstoð að halda, séu látnin afskiptalaus. Í ályktuninni er tekið undir meginefni mótmæla bæjarráðs Neskaupsstaðar, ekki síst hvað varðar fjárveitingar til sveitarfélaga, sem enga hagsmuni hafi af loðnuveiðum.

Segir að lokum, að þess sé vænst, að ríkisstjórnin taki úthlutunina til gagnerrar endurskoðunar.

Bæjarstjórn Eskifjarðar hefur einnig samþykkt ályktun, svipaðs efnis. Þar er því mótmælt harðlega, að hlutur Eskifjarðarkaupstaðar sé aðeins fjórar milljónir, en Eskifjörður fari yfir sveitarfélaga út úr loðnubrestinum, samkvæmt álitum Bygðastofnunar.


Table with 3 columns: Sveitarfélag, Samgönguráðuneyti, Fjárveitinganefnd. Lists municipalities and their respective contributions to the budget deficit.

Kosningafundur í öllum kjördæmum

Fréttastofa Útvarps efnir á næstunni til kosningafunda í öllum kjördæmum, þar sem fulltrúar allra framboðslista flytja ávörp og svara fyrirspurnum.

Í Reykjavík verður fundur í dag, 7. apríl, kl. 16:30 til 18:30 á Hótel Borg. Arnar Páll Hauksson og Broddi Broddason stýra umræðum.

Blönduósi. Atli Rúnar Halldórsson og María Björk Ingvadóttir stýra umræðum.



Morgunblaðið/Arni Sæberg

Tvær sýningar opnaðar á Kjarvalsstöðum

Tvær sýningar verða opnaðar á Kjarvalsstöðum í dag. Myndin var tekin er listmálararinn Bragi Ásgeirsson var að leggja síðustu hönd á eina af myndum sínum á sýningu Listmálarafélagsins í vestursalnum.

Á sýningunni, en Listmálarafélagið hefur sýnt reglulega á Kjarvalsstöðum frá 1983. Í dag verður einnig opnuð í vestur- og austurforsal sýning á vattstungum bandarískum teppum, „Contemporary Quilts“.

Erna Indriadóttir stýra umræðum.

Á Austurlandi verður fundur miðvikudaginn 10. apríl kl. 20:00 til 22:00 í Valaskjálfi. Arnar Páll og Inga Rósa Þórðardóttir stýra umræðum.

Á Suðurlandi verður fundur fimmtudaginn 11. apríl kl. 20:00 til 22:00 í Hótel Selfossi. Atli Rúnar og Valgerður A. Jóhannsdóttir stýra umræðum.

Á Reykjanesi verður fundur sunnudaginn 14. apríl kl. 16:30 til 18:30 í Útvarphúsinu, Efstaleiti 1. Atli Rúnar og Hermann Sveinbjörnsson stýra umræðum.

Á Vesturlandi verður fundur 15. apríl kl. 20:00 til 22:00 í Hótel Borgarnesi. Arnar Páll og Hjördís Finnbogadóttir stýra umræðum.

Á Vestfjörðum verður fundur þriðjudaginn 16. apríl kl. 20:00 til 22:00 í Stjórnarsýsluhúsinu á Ísafirði. Arnar Páll og Finnbogi Hermannsson stýra umræðum.

VÉLSLEDAMENN keppa um helgina á Íslandsmeistaramóti í vélsleðaakstri, sem haldið verður í Bláfjöllum. Keppnin hefst með fjallaralli klukkan 10 í dag og klukkan 13 verður spyrnukeppni.

Table titled GENGISSKRÁNING showing exchange rates for various currencies as of April 5, 1991.

Table titled ALMANNATRYGGINGAR, helstu bótaflokkar, showing insurance rates for various categories as of April 1, 1991.

FISKVERÐ Á UPPOÐSMÖRKUÐUM - HEIMA

Table titled FISKMARKAÐUR hf. í Hafnarfirði, listing fish prices for various species as of April 5.

Table titled FAXAMARKAÐUR hf. í Reykjavík, listing fish prices for various species as of April 5.

Table titled FISKMARKAÐUR SUÐURNESJA hf., listing fish prices for various species as of April 5.

Olíuverð á Rotterdam-markaði, síðustu tíu vikur,

24. jan. - 4. apríl, dollarar hvert tonn

